HANDBÓK

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar

FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Inngangur 4
Um UÍF 5
Aðildarfélög UÍF 6
Blakfélag Fjallabyggðar (BF) 6
Golfklúbbur Fjallabyggðar (GFB) 6
Golfklúbbur Siglufjarðar (GKS) 7
Hestamannafélagið Glæsir 7
Hestamannafélagið Gnýfari 7
Íþróttafélagið Snerpa 7
Knattspyrnufélag Fjallabyggðar (KF) 8
Kraftlyftingarfélag Ólafsfjarðar (KFÓ) 8
Pílufélag Fjallabyggðar 8
Skíðafélag Ólafsfjarðar (SÓ) 8
Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg (SSS) 9
Skotfélag Ólafsfjarðar 9
Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar (TBS) 9
Ungmennafélagið Glói 9
Vélsleðafélag Ólafsfjarðar (VÓ) 10
1.Skipulag UÍF 11
A. Skipurit UÍF 11
Stjórn UÍF 2025-2026 12
B. Hlutverk og skyldur kjörinna fulltrúa í stjórn UÍF ***12***
Formaður ***13***
Gjaldkeri ***14***

Ritari *15*

Meðstjórnandi *15*

Varamenn *15*

Starfsmaður stjórnar - Starfssvið og skyldur: *16*

Vinnureglur stjórnarfunda UÍF *16*

2. Starfsumhverfi UÍF 19

3. Fjármálastjórn 31

4. Samskipti við aðildarfélög 32

Inngangur

Ákveðið var á ársþingi Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF) sem haldið var 14. mars 2017, að UÍF færi í þá vinnu að gerast Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ. Handbók UÍF er einn af loka áföngunum í þeirri vinnu.

Stjórn UÍF stefnir að því að öll aðildarfélög þess verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Formaður UÍF er tengiliður milli aðildarfélaga UÍF og ÍSÍ vegna verkefna sem tengjast því.

Þessi handbók inniheldur upplýsingar um innviði í starfsemi UÍF. Hér er að finna samantekt á stefnu UÍF, vinnureglum, reglum og lögum UÍF. Hér er einnig að finna upplýsingar um hlutverk stjórnarmanna og starfsmanns UÍF.

Handbókin er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem aðstæður, lög, reglur og stjórn breytast.

Um UÍF

Þann 25. maí 2009, á framhaldsþingi, voru Íþróttabandalag Siglufjarðar og Ungmenna- og íþróttasamband Ólafsfjarðar sameinuð í Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar.

Starfsstjórn var kosin til eins árs á þinginu. Guðný Helgadóttir var formaður, Jón Konráðsson varaformaður, Þórarinn Hannesson gjaldkeri og Hlynur Guðmundsson ritari. Meðstjórnendur voru Gíslína Salmannsdóttir, Guðmundur Garðarsson og Björn Þór Ólafsson. Varamenn voru Jóhanna Þorleifsdóttir, Kristján Hauksson og Róbert Haraldsson.

Stjórn sameinaðs héraðsambands kom fyrst saman í júní 2009, og skipti stjórnin með sér verkum og setti sér starfsreglur. Vinna stjórnar fólst aðallega í að afla upplýsinga, samræma starfshætti og byggja grunn að nýju héraðsambandi. Að beiðni Frístundanefndar Fjallabyggðar voru samin drög að skiptareglum um styrk Fjallabyggðar til íþróttafélaga. Lagði stjórn UÍF til að af styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga („bæjarstyrkur“) færi 5% hlutur í sjóð sem stjórn UÍF hefði til ráðstöfunar til að styrkja og styðja við starf íþróttahreyfingarinnar eftir ákveðnum úthlutunarreglum.

Í skýrslu stjórnar kom m.a. eftirfarandi fram:

„Íþróttastarf er grasrótarstarf og sú mikla starfsemi sem þar er innt af hendi og af þeim sem hana vinna er unnin af áhuga, gleði og vilja til að láta gott af sér leiða. Starf í íþróttafélagi styður við leik og gleði hjá börnum, fullorðnum, öldruðum og fötluðum. Sú vinna sem fram fer innan íþróttahreyfingarinnar eykur á vellíðan einstaklinganna í sveitafélaginu og öflugt íþróttastarf gerir sveitafélagið ákjósanlegra til að búa í. Íþróttastarf er fjórði mikilvægasti þátturinn í samfélagsverðmæti hvers sveitafélags.

Íþróttastarf er mjög fjölbreytt hér í Fjallabyggð og eiga flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Öll sú sjálfboðavinna sem fram fer á vegum íþróttahreyfingarinnar er í leiðinni hagsmunir sveitafélagsins. Í starfi íþróttahreyfingarinnar gerir það að hver króna sem til hennar kemur þrefaldast í starfi félaganna, er starf íþróttafélaga því mjög arðbært fyrir samfélagið“.

Fyrsta ársþing UÍF var haldið 15. júní 2010, og var Guðný Helgadóttir kosinn formaður stjórnar. Aðrir stjórnarmenn voru Róbert Haraldsson, Hlynur Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurpáll Gunnarsson, Helga Kristín Einarsdóttir og Gíslína Salmannsdóttir. Varamenn í stjórn voru Ásgeir Bjarnason, Jóhanna Þorleifsdóttir og Ingólfur Frímannsson.

Aðildarfélög UÍF

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar mynda 15 aðildarfélög sem starfa á Siglufirði og Ólafsfirði og stunda fjölmargar íþróttagreinar sem eru:

- Alpa- og gönguskíði
- Badminton
- Blak
- Íþróttir fatlaða
- Golf
- Hestaíþróttir
- Knattspyrna
- Kraftlyftingar
- Mótorsport
- Píla
- Skotfimi

Blakfélag Fjallabyggðar (BF)

- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100063654246383
- Netfang: bf.blak@gmail.com
- Formaður: Sigurlaug Guðjónsdóttir
- Sími: 847-8496
- Stofnað: 11. maí 2016

Golfklúbbur Fjallabyggðar (GFB)

- Félagið rekur golfvöll í Skeggjabrekku, Ólafsfirði.
- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100057611433272
- Netfang: golfkl@simnet.is
- Formaður: Rósa Jónsdóttir
- Sími: 863-0240
- Stofnað: 14. janúar 1968 (Golfklúbbur Ólafsfjarðar)

Golfklúbbur Siglufjarðar (GKS)

- Heimasíða: https://gksgolf.is/
- Facebooksíða: https://www.facebook.com/gksgolf
- Netfang: siglogolf@gmail.com
- Formaður: Halldór Þormar Halldórsson
- Sími: 897-9707
- Stofnað: 19. júlí 1970.

Hestamannafélagið Glæsir

- Netfang: haraldur@isfelag.is
- Formaður: Haraldur Marteinsson
- Sími: 893-5051
- Stofnað: 09. febrúar 1942

Hestamannafélagið Gnýfari

- Netfang: asipalma@gmail.com
- Formaður: Ásgrímur Pálmason
- Sími: 864-8473
- Stofnað: 02. júní 1969.

Íþróttafélagið Snerpa

- Netfang: snerpa87@gmail.com
- Formaður: Ólína Þórey Guðjónsdóttir
- Sími: 861-5833
- Stofnað: 21. nóvember 1987.

Knattspyrnufélag Fjallabyggðar (KF)

- Heimasíða: https://kfbolti.is/
- Facebooksíða: https://www.facebook.com/knattspyrnufelag.fjallabyggdar
- Netfang: kf@kfbolti.is
- Formaður: Örn Elí Gunnlaugsson
- Sími: 894-8163
- Stofnað: 10. nóvember 2010.

Kraftlyftingarfélag Ólafsfjarðar (KFÓ)

- Félagið er óvirkt eins og er og óvissa um framtíð þess.

Pílufélag Fjallabyggðar

- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=61566661312433
- Netfang: pilufelagfb@gmail.com
- Formaður: Ingimundur Loftsson
- Sími: 848-5879
- Stofnað: Lok ágúst 2024

Skíðafélag Ólafsfjarðar (SÓ)

- Heimasíða: https://www.skiol.is/
- Facebooksíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100060822666814
- Netfang: skidafelagolf@gmail.com
- Formaður: Kristján Hauksson
- Sími: 892-0774
- Stofnað: 18. október 2001.

Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg (SSS)

- Heimasíða: https://sss.fjallabyggd.is/
- Facebooksíða: https://www.facebook.com/sksigl
- Netfang: hjaltigunnars@simnet.is
- Formaður: Hjalti Gunnarsson
- Sími: 864-3933
- Stofnað: 1920.

Skotfélag Ólafsfjarðar

- Heimasíða: https://www.skotolo.is/
- Facebooksíða: https://www.facebook.com/skotolo
- Netfang: skotolo@gmail.com
- Formaður: Rögnvaldur Jónsson
- Sími: 896-2474
- Stofnað: 14. ágúst 1989.

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar (TBS)

- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100044301713482
- Netfang: siglotennis@gmail.com
- Formaður: Óskar Þórðarson
- Sími: 848-6726
- Stofnað: 05. desember 1964.

Ungmennafélagið Glói

- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100067548340421
- Netfang: thorarinn77@gmail.com
- Formaður: Þórarinn Hannesson
- Sími: 865-6543
- Stofnað: 17. apríl 1994.


Vélsleðafélag Ólafsfjarðar (VÓ)

- Heimasíða: https://www.facebook.com/profile.php?id=100087669100392
- Netfang: velsledafelagolo@gmail.com
- Formaður: Ronja Helgadóttir
- Sími: 854-6754
- Stofnað: 10. október 1998.

1.Skipulag UÍF

A. Skipurit UÍF

Aðildarfélög UÍF eru hvert um sig sjálfstæð félög og með eigin lög og stjórnir. Megin tilgangur hvers aðildarfélags er að halda úti íþróttastarfi í tiltekinni íþróttagrein eða íþróttagreinum. Hlutverk UÍF er að veita aðildarfélögum umgjörð, stuðning og aðhald eftir því sem við á. Æðsta vald er Ársþing UÍF, svo eru Formannafundir UÍF og þess á milli er framkvæmdarvaldið í höndum stjórnar UÍF.



Stjórn UÍF 2025-2026

Formaður: Óskar Þórðarson

Aðrir stjórnarmeðlimir: Arnheiður Jónsdóttir, Anna Þórisdóttir, Guðrún Sif Guðbrandsdóttir og Sandra Finnsdóttir.

Varamenn: Elsa Guðrún Jónsdóttir og Þórarinn Hannesson.

Starfsmaður stjórnar: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir.

B. Hlutverk og skyldur kjörinna fulltrúa í stjórn UÍF

Stjórn UÍF er framkvæmdaraðilisa mbandsins. Hún vinnur að málefnum þess og framfylgir samþykktum ársþings og aukaþinga UÍF svo og laga og reglna UÍF.

Stjórn UÍF skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem skal sitja áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Skyldur og réttindi stjórnar UÍF

- Stjórnarmenn kynni sér lög og reglur UÍF og þeirra samtaka sem UÍF er aðili að.
- Sækja stjórnarfundi. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur UÍF og aðildarfélögum þess.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau málefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar innan stjórnar.
- Vera vel að sér um starfsemi UÍF og aðildarfélaga þess og vera vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.
- Hlíta og fylgja ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á löglegum fundi stjórnar.
- Vera vakandi fyrir og vekja athygli á mögulegum eða augljósum hagsmunaárekstrum sem áhrif geta haft á starfsemi UÍF og stjórnarinnar og víkja þá sæti.

- Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.
- Hver nýkjörin stjórn setji sér nánari vinnureglur, sem fjalla um fundarboðun, tímasetningu, lengd og dagskrá stjórnarfunda.
- UÍF vinnur samkvæmt ákvæðum fyrirmyndarhéraða ÍSÍ hvað varðar samskipti við aðildarfélög.
    - Stjórn UÍF varðveiti og skipti milli aðildarfélaga því fé sem veitt hefur verið í því skyni.
    - Stjórn UÍF fylgist með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
    - Stjórn UÍF staðfesti lög/lagabreytingar aðildarfélaga og haldi utan um staðfest lög félaga.
    - Stjórn UÍF tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
    - Stjórn UÍF boði til aðalfundar aðildarfélaga ef þörf krefur.
    - Ársþingi UÍF er heimilt að vísa félagi úr héraðssambandinu fari félag ekki að lögum eða fyrirmælum þess.
    - Ákveði ársþing UÍF að vísa félagi úr því er héraðssambandi skylt að tilkynna það ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi/sérsamböndum.

Formaður

Helstu verksvið formanns eru:

- Að koma fram fyrir hönd UÍF og vera málsvari þess gagnvart öðrum.
- Að skipuleggja og boða stjórnarfundi, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirliggjandi dagskrá hverju sinni.
- Að sjá til þess að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfunda og ársþings sé framfylgt.
- Að sjá til þess og hafa eftirfylgni með því að öll erindi sem sambandinu berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er.
- Að sjá til þess að dagleg starfsemi sambandsins sé vel skipulögð og fari vel fram.
- Að virkja aðildarfélög og félagsmenn til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaga þess.
- Að aðildarfélögum og félagsmönnum sé gert kleift að fylgjast með starfsemi sambandsins og hvort breytinga þurfi til þess að ná fram markmiðum og fylgja stefnu sambandsins.

- Að hafa umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrir hönd sambandsins.
- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur, útdeila verkefnum í samráði við stjórnarmenn, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.

Varaformaður

Helstu verksvið varaformanns eru:

- Í forföllum formanns tekur varaformaður við störfum hans.
- Að vera upplýstur um stöðu mála er varða UÍF.
- Koma fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Gjaldkeri

Helstu verksvið gjaldkera eru:

- Að hafa yfirsýn yfir færslu bókhalds og reikningshald sambandsins, auk ársreikninga.
- Að hafa yfirsýn yfir innheimtu og sjá til þess, í samráði við stjórn að skuldir séu innheimtar.
- Að sjá til þess að gjöld séu greidd.
- Ávöxtun lausafjár, varasjóða og þeirra sjóða sem sambandið hefur í vörslu sinni í samráði við stjórn.
- Að setja fram ársreikning í samstarfi við stjórn og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að annast gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við stjórn og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Ritari

Helstu verksvið ritara eru:

- Að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og fundum á vegum sambandsins, annarra en fundum, ráða og nefnda, þegar ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar.
- Að setja og fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða, í samstarfi og sambandi við aðra í stjórn.
- Að undirbúa ársskýrslu og aðrar skýrslur er varða starfsemina í samvinnu við stjórn.
- Að byggja upp og hlúa að gagna- og heimildasafni sambandsins.
- Að sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrirhendur.

Meðstjórnandi

Helstu verksvið meðstjórnanda eru:

- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varamenn

Helstu verksvið varamanna eru:

- Varamenn stjórnar eru boðaðir á alla fundi stjórnar UÍF.
- Á stjórnarfundum, skulu varamenn hafa sama rétt til þátttöku í umræðu og aðrir stjórnarmenn. Þeir hafa þó ekki atkvæðisrétt.
- Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun/afstöðu um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.
- Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.
- Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalmann væri að ræða, enda bera þeir í flestum tilvikum sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Starfsmaður stjórnar - Starfssvið og skyldur:

Helstu verksvið starfsmanns eru:

- Starfsmaður vinnur, ásamt formanni stjórnar UÍF, að undirbúningi funda er varða málefni UÍF og hefur yfirumsjón með allri útgáfu.
- Skipuleggja stjórnarfundi og undirbúa mál sem tekin eru fyrir.
- Senda tölvupósta/efni frá m.a. ÍSÍ og UMFÍ áfram til stjórnar og aðildarfélaga UÍF.

Vinnureglur stjórnarfunda UÍF

Fundir eru haldnir mánaðarlega. Aukafundir eru boðaðir eftir þörfum. Fundur er formlega boðaður með a.m.k. viku fyrirvara. Fundardagskrá er send út tveim dögum fyrir fund.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Innsend erindi.
3. Formannafundur, ársþing ofl.
5. Önnur mál.
6. Tilhögun næsta fundar.
7. Fundarslit.

Fundargerðir

- Halda skal fundargerð um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar.
- Í fundargerðir skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
- Hverjir sitja fundinn, tilgreindir eigin nafni, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
- Dagskrár, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
- Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
- Upphaf og lok fundartíma.
- Tilhögun næsta stjórnarfundar.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu sendast stjórnar- og varastjórnarmönnum innan viku frá því að fundi lauk. Stjórnarmenn gera athugsendir eða samþykkja fundargerð rafænt. Náist ekki sátt um meiriháttar athugasemd við fundargerð skal hún lögð fram á næsta stjórnarfundi og greidd um hana atkvæði á þeim fundi. Skulu þeir einir sem sátu fund þann er fundargerðin fjallar um eiga atkvæðisrétt.

Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga, UÍF eða aðildarfélagum þess, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, getur formaður eða málshefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð trúnaðarmál á stjórnarfundi. Mál sem tiltekið er sem trúnaðarmál skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem svo eru skilgreind taka stjórnarmenn ekki með sér af stjórnarfundum. Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru sem trúnaðarmál skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vefsíðu UÍF.

Upplýsingagjöf til stjórnarmanna

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu, sé þess þörf eða óskað, send til stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau einnig send öðrum stjórnarmönnum.

C. Starfsemi og hlutverk UÍF

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar skammstafað UÍF starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 64/1998.

Hlutverk UÍF er að:

- Hafa frumkvæði, efla, samræma og skipuleggja íþróttastarf í Fjallabyggð í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.
- Vera í forustu um íþróttamál héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ á þeim vettvangi.
- Annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn Fjallabyggðar og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Varðveita og skipta milli aðildarfélaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- Staðfesta lög og allar lagabreytingar aðildarfélaga auk þess að halda utan um staðfest lög aðildarfélaga.

- Fylgjast með að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og lögum ÍSÍ og UMFÍ.
- Veita umsögn um íþróttamál og íþróttamannviki í héraði.
- Fylgja eftir stafsemi og skýrsluskilum aðildarfélaga.
- Stuðla að fræðslu og forvörnum innan vébanda aðildarfélaga.
- Vera fulltrúi aðildarfélaga á vettvangi ÍSÍ, UMFÍ og sérsambanda.
- Tilkynna ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambanda um stofnun nýrra félaga og deilda, sbr. 4. gr.

D. Samningur

Samning milli UÍF og Fjallabyggðar má sjá í fylgiskjölum.

E. Formannafundir

Formannafundi UÍF á að halda tvisvar á ári að hausti og að vori. Markmið fundanna eru:

- Kynning á starfi aðildarfélaga.
- Kynning á starfi UÍF.
- Undirbúningur fyrir ársþing UÍF.
- Kynningar á verkefnum og/eða fræðsla til fulltrúa aðildarfélaga.

2. Starfsumhverfi UÍF

A. Samþykktar stefnur ÍSÍ

UÍF og aðildarfélög þess fylgja samþykktum stefnum ÍSÍ.

B. Siðareglur

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan ÍSÍ og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/íþróttabandalög og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni.

1. Koma fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

C. Hegðunarviðmið ÍSÍ og UÍF

<u>Hegðunarviðmið fyrir þjálfara</u>

1. Komdu fram af virðingu

- Komdu eins fram við alla iðkendur óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- Berðu virðingu fyrir einstaklingnum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- Berðu virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera það líka.
- Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf. Gættu trúnaðar og sýndu aðgætni við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera af brýnni nauðsyn og í samræmi við lagaboð.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri.
- Leggðu þig fram þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingunni.
- Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
- Ýttu undir heilbrigðan lífsstíl með góðu fordæmi.

4. Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu

- Gerðu kröfur til þín varðandi málfar, hegðun, stundvísi, undirbúning og kennslu/þjálfun.
- Sýndu íþróttinni og félaginu virðingu og virtu reglur.
- Leggðu metnað þinn í starfið og leitaðu leiða til að auka þekkingu þína.
- Skipuleggðu starfið með tilliti til getu og þroska iðkenda.
- Vertu óhræddur við að leita eftir samstarfi við aðra þjálfara eða sérfræðinga.
- Taktu leiðtogahlutverk þitt alvarlega og nýttu stöðu þína á uppbyggilegan hátt.
- Haltu iðkendum og aðstandendum upplýstum um þjálfunina.

5. Það sem er iðkandanum fyrir bestu

- Gættu að öryggi í umhverfi og að aðbúnaður hæfi aldri og þroska iðkenda.
- Settu heilsu og heilbrigði iðkenda á oddinn og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað getur heilbrigði þeirra.
- Sýndu athygli og umhyggju þeim sem orðið hafa fyrir meiðslum og þeim sem leita til þín vegna andlegrar vanlíðunar.
- Forðastu að koma þér í þá stöðu að vera einn með iðkanda.

6. Ofbeldi er ekki liðið í íþróttahreyfingunni!

- Vertu vakandi og beittu þér gegn öllu ofbeldi: líkamlegu, kynferðislegu og andlegu.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
- Forðastu líkamlega snertingu við iðkendur, nema þar sem hún er nauðsynlegur hluti þjálfunarinnar.
- Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir iðkendur

1. Komdu fram af virðingu

- Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.
- Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.

2. Vertu heiðarleg(ur)

- Farðu eftir reglum íþróttarinnar og komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

3. Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- Gerðu þitt besta þannig að þú fáir sem mest út úr æfingunni.

- Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og hafðu hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- Tileinkaðu þér heilbrigðan lífsstíl.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk aðildarfélaga

1. Komdu fram af virðingu
   - Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
   - Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.
2. Vertu heiðarleg(ur)
   - Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.
   - Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf. Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
   - Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á. Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunaárekstra.
3. Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd
   - Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
   - Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
   - Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
   - Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun.
   - Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
4. Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins
   - Þekktu lög og reglur félagsins.
   - Stattu vörð um anda og gildi félagsins.

- Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.
- Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.
- Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila

- Mundu að barnið þitt er í íþróttum sín vegna, en ekki þín vegna.
- Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum, en ekki þvinga það.
- Hvettu öll börn, ekki bara þitt.
- Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
- Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.
- Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.
- Upplýstu um stríðni, einelti eða áreitni.
- Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

D. Stefnur UÍF

Félagsmálastefna

UÍF er umhugað um að efla og styrkja samfélagið sem það starfar í. UÍF leggur áherslu á að einstaklingum sé gert kleift að vera virkir þátttakendur í íþróttahreyfingunni og mynda sterkt og gott félagslegt net með því að nýta krafta sína og hæfileika í félagsstarfi. Í félagsmálastefnu UÍF er lögð áhersla á:

- Að efla félagshæfni iðkenda og félagsmanna innan UÍF og virkja þá sem þátttakendur í íþróttahreyfingunni.
- Að bjóða upp á faglegt íþróttastarf sem felur í sér heilbrigt og gott félagslegt uppeldi barna og unglinga.
- Að hvetja til jákvæðra samskipta og fræðslu um verndandi þætti velferðar sem og áhættuþætti innan aðildarfélaganna.
- Að skapa tækifæri til að leika og starfa í fjölskylduvænni og heilbrigðri íþróttahreyfingu þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, vellíðan og sterka sjálfsmynd.
- Að hlúa vel að umhverfi barna og unglinga/iðkenda þannig að þau/þeir búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem áhersla er á félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttaæfingar og keppnir.
- Að taka sérstaklega vel á móti nýliðum og fræða iðkendur um heilbrigðan fordómalausan lífsstíl.
- Að stuðla að skipulögðu félagsstarfi og samveru utan íþróttaæfinga

Forvarnarstefna

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþrótta og vill UÍF efla forvarnarhlutverk sitt með eflingu á íþróttastarfi innan UÍF fyrir alla aldurshópa. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi er ein besta forvörnin. UÍF og aðildarfélög þess taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðlegri háttsemi. UÍF leggur áherslu á að skapa og viðhalda umhverfi þar sem gagnkvæm virðing, traust, heilindi og fagmannlegt viðmót er í hávegum haft í öllum samskiptum.

- UÍF hvetur öll aðildarfélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafrettum og öðrum fíkniefnum.
- UÍF hvetur öll aðildarfélög til að banna neyslu á tóbaki í íþróttahúsum og á vallarsvæðum á vegum íþróttafélagsins.

- UÍF hvetur aðildarfélögin til að vinna að forvörnum innan síns aðildarfélags og hvetur jafnframt aðildarfélögin til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.
- UÍF beinir því til aðildarfélaga sinna að fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfa um áhrif áfengis, rafrettna, tóbaks og fíkniefna og áhrif þeirra á heilbrigði og árangur í íþróttum.
- UÍF leggur áherslu á að íþróttafólk aðildarfélaga verði ávallt laust við lyfjamisnotkun.
- Öll neysla vímuefna á íþróttaferðalögum og á öðrum opinberum vettvangi tengt íþróttastarfi UÍF er bönnuð.
- UÍF beinir því til aðildarfélaga sinna að íþróttaiðkun fylgir alltaf uppeldishluti og skulu allir hlutaðeigandur vera meðvitaðir um það í öllu starfi sínu. Íþróttamenning sé virt sem mikilvægur hluti samfélagslegra gilda.
- UÍF hvetur til samstöðu gegn öllu ofbeldi, mismunun og áreitni af öllu tagi svo sem einelti, kynferðislegri áreitni, kynferðislegu ofbeldi og kynbundinni áreitni.
- UÍF hefur einnig beinan aðgang að samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs sem og að nýrri viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs. Nánar inná: https://www.samskiptaradgjafi.is/.

Fræðslustefna

Eitt af hlutverkum UÍF er að hafa forystu um fræðslu og sameiginleg félagsmál.

- UÍF leggur áherslu á að veita upplýsingagjöf og fræðslu til aðildarfélaga með því að bjóða upp á námskeið, fyrirlestra og fræðslu sem nýtist aðildarfélögum og iðkendum.
- UÍF hvetur öll aðildarfélög til að kynna og viðhalda þekkingu og meðvitund iðkenda, þjálfara og annars starfsfólks á siðareglum og hegðunarviðmiðum UÍF.
- UÍF vinnur markvisst að því að kynna þær íþróttagreinar sem eru í boði hjá aðildarfélögum
- UÍF skapi tækifæri og svigrúm til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- UÍF hvetur til almennrar þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi aðildarfélaganna.
- UÍF hvetur til samstarfs og betri nýtingu sérþekkingar þjálfara milli íþróttagreina og/eða íþróttafélaga.
- UÍF hvetur öll aðildarfélög til að senda þjálfara sína í Þjálfaramenntun ÍSÍ og

sérsambanda.

- UÍF hvetur öll aðildarfélög til að verða Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.
- UÍF hvetur aðildarfélög til samstarfs við skóla og frístund til að gefa börnum fjölbreytileika í frístunda- og íþróttastarfi á dagvinnutíma.

Jafnréttisstefna

UÍF leggur áherslu á að allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti. UÍF leggur áherslu á að

- Iðkendur eigi jafnan rétt og möguleika til að stunda íþróttir með aðildarfélögum UÍF óháð kyni, fötlun, uppruna, trúarskoðun eða efnahag.
- Aðildarfélög UÍF geri sömu hæfniskröfur til þjálfara allra og greiði laun skv. menntun þeirra og reynslu en ekki kyni þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálfa.
- Aðildarfélög UÍF sjái til þess að aðstaða og möguleikar kynja til afreka séu jöfn og hvetja kyn jafnt til afreka.
- Iðkendur, félagsmenn og starfsmenn aðildarfélaga UÍF hafa ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttafordóma gagnvart öðrum.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn aðildarfélaga UÍF leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi þeirra félags.

Umhverfisstefna

UÍF er umhugað um umhverfið og vill leggja sitt af mörkum til að vernda og bæta umhverfið. Umhverfisstefna UÍF er eftirfarandi

- Umgengnisreglur séu til staðar fyrir iðkendur, félagsmenn og stuðningsfólk í íþróttamannvirkjum í Fjallabyggð
- Flokkunarruslafötur séu til staðar á æfinga- og keppnissvæðum og allir hvattir til að nýta þær
- Frágangur fari fram að lokinni æfingu og/eða keppni.
- Hvatt er til sparnaðar í keyrslu á æfingar og mót með því að ganga, hjóla og sameinast í bíla.
- Að stuðla að því að almenningssamgöngur séu í boði fyrir iðkendur sem þurfa að sækja æfingar langt að.
- Aðildarfélög eru hvött til að safna dósum í fjáröflunarskyni og lágmarka notkun

einnota umbúða. Á ársþingi og formannafundum og öðrum viðburðum sé reynt að takmarka notkun pappírs og leggja áherslu á rafræna upplýsingagjöf.

Persónuverndarstefna UÍF

Persónuverndarstefnan tók gildi 15. Júlí 2018. Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (einnig vísað til „**félagsins**," „**við**" eða „**okkar**") rekur vefinn https://uif.is (hér eftir nefndur „Vefurinn"). Við tökum alvarlega þær skyldur sem fylgja persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga og meðhöndlum þær upplýsingar sem koma í gegnum vefinn í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í persónuverndarstefnu þessari förum við yfir hvaða upplýsingar við skráum, með hvaða hætti og í hvaða tilgangi.

Skilgreiningar

- **Vefurinn**

Vefurinn er heimasíða félagsins á slóðinni https://uif.is

- **Persónuupplýsingar**

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings.

- **Tæknilegar upplýsingar**

Notkunargögn eru skráð sjálfkrafa þegar þú heimsækir vefinn okkar (t.d. IP-tala og tölfræðigögn). Við tengjum þessi gögn aldrei við persónuupplýsingar þínar.

- **Vafrakökur**

Vafrakökur (cookies) eru upplýsingaforrit sem vafraforrit vista á notendatölvum og snjalltækjum. Þær hafa ákveðið gildistímabil og renna út af því loknu.

- **Ábyrgðaraðili**

Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar er ábyrgðaraðili fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við vörur og þjónustu félagsins.

- **Vinnsluaðili**

Einstaklingur eða lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila. Við kunnum að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila (vinnsluaðila sem uppfyllir öll skilyrði) sé um að ræða þjónustuaðila.

- **Skráður einstaklingur (eða „hinn skráði")**

Einstaklingur sem á í samskiptum við okkur vegna vöru eða þjónustu.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og í hvaða tilgangi?

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar í mismunandi tilgangi, meðal annars til að veita umbeðna þjónustu og bæta heimasíðuna og þjónustuna.

Upplýsingar sem við söfnum

Persónu- og samskiptaupplýsingar Þegar þú átt í samskiptum við okkur í gegnum heimasíðuna eða tölvupóst, þá skráum við persónuupplýsingar svo við getum haft samband við þig og/eða auðkennt þig („hinn skráði“) og veitt umbeðna þjónustu. Þær persónuupplýsingar geta meðal annars verið:

- Nafn
- Kennitala
- Netfang
- Símanúmer
- Heimilisfang, póstnúmer, staður
- Samskiptasaga

Tæknilegar upplýsingar Þegar þú heimsækir vefinn okkar þá söfnum við gögnum sjálfkrafa sem fela í sér tæknilegar upplýsingar varðandi þann búnað sem þú tengist með og hvernig þú ferðast um vefinn. Þessi gögn geta innihaldið IP-tölu, tegund vafra, síðurnar sem þú skoðaðar, tíma og dagsetningu heimsóknar, tíma sem þú varðir á þessum síðum sem og aðrar upplýsingar. Við tengjum þessi gögn aldrei við persónuupplýsingar þínar. Í flestum tilfellum er slíkum gögnum safnað með því að nota vafrakökur. Sjá nánari upplýsingar í vafrakökustefnu.

Vafrakökur Vafrakökur (cookies) eru upplýsingaforrit sem vafraforrit vista á notendatölvum og snjalltækjum. Þær hafa ákveðið gildistímabil og renna út af því loknu. Vafrakökur geta geymt upplýsingar um tölfræði og stillingar notanda svo dæmi sé tekið, en geyma ekki persónuupplýsingar eins og nafn, kennitölu, netfang eða símanúmer. Dæmi um vafrakökur sem við notum:

- **Nauðsynlegar vafrakökur.** Notaðar í þeim tilgangi að tryggja að vefurinn starfi eðlilega.
- **Tölfræðikökur.** Notaðar þess að greina hvernig vefurinn er notaður. Þessar upplýsingar eru nafnlausar.

Í samræmi við gildandi lög óskum við eftir leyfi frá þér til að nota vafrakökur. Við gerum þér einnig auðvelt að skipta um skoðun hvenær sem er, með aðgengi að friðhelgisstillingum. Þar getur þú slökkt á þeim vafrakökum sem eru ekki nauðsynlegar til að vefurinn virki eðlilega. Þú getur líka slökkt á öllum kökum með því að breyta vafrastillingum þínum. Við bendum á að ef þú slekkur á öllum vafrakökum getur það komið niður á virkni vefsins.

Hvernig notum við persónuupplýsingar þínar?

Við notum upplýsingar þínar með ýmsum hætti meðal annars í eftirfarandi tilgangi:

- Til að veita þér þá vöru eða þjónustu sem þú hefur óskað eftir
- Til að svara fyrirspurnum og vinna úr beiðnum sem þú sendir til okkar
- Til að upplýsa þig um breytingar á þjónustu okkar og skilmálum
- Til að upplýsa þig um nýjar vörur og þjónustu
- Til að greina notkun á þjónustu okkar og vörum
- Til að uppfylla lagalegar kröfur

Hver er lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu?

Við söfnum og vinnum persónuupplýsingar í samræmi við eftirfarandi heimildir:

- Til að uppfylla samningsskyldu (2. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018).
- Á grundvelli samþykkis (1. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018).
- Til að vernda lögmæta rekstrarlegra hagsmuni félagsins (6. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018).
- Í tölfræðilegum tilgangi (5. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018).
- Til að uppfylla lagaskyldu (3. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018).

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar?

Við geymum gögn eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma sbr. reglugerð um rafræna reikninga og bókhaldslög.

Miðlun persónuupplýsinga

Félagið kann að miðla persónuupplýsingum til eftirfarandi aðila:

- Starfsmanna innan félagsins til að veita þér umbeðna þjónustu.
- Vinnsluaðila (þjónustuveitenda) okkar á grundvelli vinnslusamninga.
- Banka og kortafyrirtækja vegna meðferðar á greiðslum.
- Innheimtuaðila vegna innheimtu skulda.
- Skattayfirvalda vegna laga eða reglna.

Öryggi persónuupplýsinga

Við leggjum áherslu á öryggi persónuupplýsinga og notum til þess viðurkenndar aðferðir. Þrátt fyrir það er mikilvægt að vita að engin aðferð við að senda gögn um Internetið eða aðferð við rafræna geymslu er 100% örugg. Dæmi um öryggisráðstafanir sem við notum

eru aðgangsstýringar í kerfum félagsins og dulkóðuð samskipti á milli notenda og vefs með SSL skilríki.

Réttindi þín varðandi persónuupplýsingar

Þú nýtur ýmiskonar réttinda samkvæmt lögum í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, þó með nokkrum takmörkunum og undantekningum í gildandi lögum og reglum. Réttindi þín eru meðal annars eftirfarandi:

- **Réttur til aðgangs.** Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða ekki og að fá aðgang að persónuupplýsingum þínum ef svo er. Beiðni um aðgang skal afgreidd eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan mánaðar frá móttöku beiðninnar.
- **Réttur til leiðréttingar og eyðingar („réttur til að gleymast“).**Þú átt rétt á leiðréttingu og/eða eyðingu á persónuupplýsingum sem kunna að vera rangar eða villandi.
- **Réttur til að andmæla vinnslu.** Þú átt rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga teljir þú að vinnslan samræmist ekki tilgangi hennar.
- **Réttur til takmörkunar á vinnslu.** Þú átt rétt á að vinnsla persónuupplýsinga um þig verði takmörkuð í sérstökum tilvikum.
- **Réttur til að flytja eigin gögn.** Þú átt rétt á að flytja þau gögn sem við geymum til annars ábyrgðaraðila.
- **Réttur til að afturkalla samþykki.** Þegar vinnsla okkar á persónaupplýsingum er byggð á samþykki þínu, átt þú rétt á að afturkalla slíkt samþykki hvenær sem er.

Til að fyrirbyggja að rétturinn hér að ofan verði misnotaður, áskiljum við okkur rétt til að fara fram á að þú sýnir fram á auðkenni áður en erindið er afgreitt. Ef þú vilt nýta þér ofangreindan rétt, þá vinsamlegast sendu okkur tölvupóst á UÍF.

Vefsíður þriðju aðila

Vefurinn okkar kann að innihalda vísanir í og frá vefsíðum samstarfsaðila og annarra þriðju aðila. Vinsamlegast athugið að um þær vefsíður gilda aðrar persónuverndarreglur sem við hvorki höfum stjórn á né berum ábyrgð á. Við hvetjum þig því til að kynna þér þær reglur vandlega áður en þú sendir persónuupplýsingar í gegnum þær vefsíður.

Breytingar á persónuverndarstefnu okkar

Við áskiljum okkur rétt til þess að breyta og uppfæra persónuverndarstefnu þessa hvenær sem er. Við látum vita af slíkum breytingum á heimasíðu okkar.

Samskiptaupplýsingar

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa, þá vinsamlegast hafðu samband við UÍF.

3. Fjármálastjórn

Stjórn UÍF ber ábyrgð á fjármálum UÍF og skal ársþing UÍF samþykkja ársreikning sambandsins. Á sama hátt eru fjármál einstakra aðildarfélaga UÍF á ábyrgð stjórna þeirra og aðalfundur viðkomandi félags samþykkja ársreikning þess.

A. Rekstur í jafnvægi

Rekstur UÍF er í jafnvægi og hefur verið þannig síðustu ár líkt og ársreikningur sýnir.

B. Samþykkt fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun UÍF - sjá fylgiskjal

C. Ársreikningur UÍF

Ársreikningur UÍF - sjá fylgiskjal. Ársreikningar UÍF eru skoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

D. Starfsskýrsluskil UÍF

UÍF skilar starfsskýrslu til ÍSÍ árlega í samræmi við lög þess efnis. Starfsskýrsluskil aðildarfélag UÍF eru fullnægjandi.

4. Samskipti við aðildarfélög

A. Aðildarfélög UÍF og fyrirmyndafélag ÍSÍ

Í dag er eitt af 14 aðildarfélögum UÍF sem hlotið hefur nafnbótina fyrirmyndafélag ÍSÍ. Stefna UÍF er að styðja aðildarfélög í að sækja þau verkfæri sem fylgja vottuninni Fyrirmyndarfélag ÍSÍ .

B. Starfsskýrsluskil aðildarfélaga UÍF til ÍSÍ

Í samræmi við 5. gr. laga UÍF er aðildarfélögum skylt að senda starfsskýrslu skv. úthlutunarrreglum UÍF á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga, til stjórnar UÍF fyrir 7. maí ár hvert í því formi sem UÍF ákveður. Jafnframt er aðildarfélögum skylt að senda ÍSÍ skýrslur í því formi sem sambandið ákveður. Fyrir starfsárið 2024 skiluðu aðeins 13 af 14 aðildarfélögum starfsskýrslum til ÍSÍ. Ástæða þess að eitt félag skilaði ekki starfsskýrslu er að það var óvirkt á þessum tíma. Annað félag fékk formlega aðild að UÍF á ársþingi þess í maí 2025.

C. Íþróttahéraðið tilnefnir tengilið milli aðildarfélaga og ÍSÍ.

Formaður UÍF er tengiliður milli aðildarfélaga UÍF og ÍSÍ

D. Samskipti við aðildarfélög

UÍF fylgir ákvæðum laga ÍSÍ hvað varðar samskipti við aðildarfélög. Sjá Hlutverk UÍF hér að ofan.

Fylgiskjöl með handbókinni eru eftirfarandi

- Fjárhagsáætlun UÍF fyrir árið 2025.
- Ársreikningur UÍF fyrir árið 2024.
- Lög UÍF
- Úthlutunarreglur UÍF á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga (bæjarstyrkur).
- Reglur um skiptingu hlutdeildar UÍF í hagnaði af íslenskri getspá (lottó).
- Reglur um verkefnasjóð UÍF.
- Reglur um úthlutun UÍF á frístundastyrk Fjallabyggðar (frístundastyrkur).
- Reglur Kiwanis og UÍF um val íþróttamanns ársins í Fjallabyggð.
- Samstarfssamningur milli Fjallabyggðar og UÍF um íþróttastarf barna- og unglinga í Fjallabyggð.
- Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga
- Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga – Íþróttaboðorðin tíu